

Heilbrigðiseftirlit Kjósasvæðis

Þverholti 2

270 Mosvellsbæ

Bt/ Árna Davíðssonar.

EFNI: Málefni hundasleðar Íslands ehf. – Starfsleyfisumsókn ofl.

Ágæti viðtakandi:

Til mín hefur leitað fyrirsvarsmaður félagsins Hundasleðar Íslands ehf og mun ég annast um hagsmunagæslu fyrir félagið og eiganda þess Klöru Thuilliez.

FORSAGAN

Forsaga máls þessa er sú að áður en umbjóðandi minn festi kaup á fasteigninni að Egilsmóum 12 reyndi eigandi félagsins að afla sér allra þeirra upplýsinga hjá opinberum aðilum sem hún gat fengið. Þannig sendi Klara tölvupóst á eftirlit@eftirlit.is þann 7. febrúar 2020 þar sem m.a. sagði

"I would like to inquire about regulations regarding animals and living in the neighbourhood. I have interest in buying a property in Mosfellsdalur where other habitats are nearby. On this property I would live (me and my family) and would have my dog kennel (I have over 50 dogs) Therefore I would like to have more information about the restrictions or speak with someone where I could get a better understanding of what is allowed and what is required. For example, I know that in Reykjavík you are only allowed to have up to 5 dogs (it is an example)...

I am already aware of the regulations of owning dogs / kennel through MAST. I have my kennel for 10 years now. I currently live around other farms (within 300 meters distance) and do not have any nuisance issues.

So my question is what can I do to be able to live in a place like Mosfellsdalur with my dogs?

What sort of permit are needed and what sort of issue could I meet on my way?

Being a reasonable person I am aware that this is an unusual request and that most people would rather suggest me to stay where I am, but I am more than happy to arrange things around to keep all people nearby happy with the idea.

I very much look forward to talk with someone".

Ofangreindum pósti var svarað af Heilbrigðiseftirlitinum þann 10. febrúar 2020, þar sem umbjóðanda mínum var tilkynnt að ekki væru neinar takmarkanir á fjölda þeirra hunda sem eiga mátti í Mosvellsbæ. Einnig kom fram að spurningin væri frekar hvort reka mátti atvinnurekstur í íbúðahverfi. Einnig kom fram að erindið hefði verið áframsent á skipulagsyfirvöld í Mosvellsbæ og var óskað eftir að fá sendar upplýsingar um fasteignanúmer viðkomandi eignar.

Umbjóðandi minn sendi svar þann 10. febrúar 2020 á viðkomandi starfsmann og þakkaði honum fyrir svarið og tók undir það að það væri nauðsynlegt fyrir hana að vita hvort einhverjar reglur sem

bönnuðu henni að koma með fyrirtækið að Egilsmóum 12 og hvort eitthvað bannaði að hún gæti flutt þangað.

Ekkert frekara svar frá heilbrigðiseftirlitinu eða skipulagsyfirvöldum hafði borist þann **19. febrúar 2020** og sendi umbjóðandi minn aftur erindi á heilbrigðiseftirlitið og aðila hjá Mosfellsbæ þar sem hún lét vita af því að tilboð hennar í fasteignina hefði verið samþykkt og bankinn væri tilbúinn að fjármagna kaupin en óskaði eftir því að fá skriflega staðfestingu á því frá skipulagsyfirvöldum í Mosfellsbæ að fyrirtækið mætti vera staðsett þar.

Þann **20. febrúar 2020** fær umbjóðandi minn tölvupóst frá Mosfellsbæ þess efnis að erindi hennar hafi verið framsent á Jóhann Hansen hjá Mosfellsbæ.

Þann **21. febrúar 2020** á umbjóðandi minn í samskiptum í póstum og í síma við Árna Jón Sigfússon, byggingarfulltrúa Mosfellsbæjar og Kristinn Pálsson, verkefnastjóra deiliskipulagsmála hjá Mosfellsbæ vegna óskar sinnar þess efnis að staðfest verði skriflega að ekkert banni það út frá skipulagsforsendum að hún flytji að Egilsmóa 12 og reki þar félag sitt. (ATH rétt er að geta þess að í erindum umbjóðanda míns gætir ákveðinnar ónákvæmni. Hún mun ekki og hefur aldrei haft í hyggju að reka starfsemi sína frá húsi sínu að Egilsmóum 12. Heldur munu hundarnir hennar verða þar hjá henni þegar þeir eru ekki í ferðum. Þar er því þeirra heimili þegar þeir eru ekki að vinna fyrir sér, innsk. höfundar.)

Í tölvuupósti frá **21. febrúar 2020** frá Kristni Pálssyni, verkefnastjóra deiliskipulagsmála kemur fram að "vandamálið" sé að aðalskipulag Mosfellsbæjar hafi ekki skýrt svar við því hvort fyrirhuguð starfsemi sé heimil á svæðinu eða ekki. Tali aðalskipulagið um að þetta sé íbúabyggð en einnig að um landbúnaðarland sé að ræða. Það sem umbjóðandi minn sé að gera megir sennilega kalla ferðamannaíðnað á landbúnaðarlandi, en þar sem það sé félag sem standi að þessu í íbúabyggð geti þetta verið flókið. Er nefnt að það sé óvanalegt að fólk eigi 50 hunda og slíkt mál hafi ekki komið upp áður til meðferðar.

Í svari umbjóðanda míns við ofangreindum pósti dags. **21. febrúar 2020** er fyrra orðalag um að starfsemin fari fram að Egilsmóum leiðrétt. Og kemur skýrt fram að umbjóðandi minn og fjölskylda hennar muni búa þar ásamt hundum sínum, en starfsemin muni fara fram frá landi Fellsenda sem sé í 10 mínútna fjarlægð. Einnig kemur fram að félagið haf leyfi frá MAST fyrir starfseminni, en engin sérstök leyfisskylda hafi verið fyrir því að halda hundana að Hólmaseli þar sem þeir voru. Í erindi umbjóðanda míns er einnig upplýst aftur að Arion banki óski eftir því að staðfest verði að ekki séu lagalegar takmarkanir á því í skipulaginu að hún flyji á eignina. Er upplýst að svar við fyrirspurn bankans og staðfesting þurfi að berast fyrir þriðjudaginn 25. febrúar 2020. Og að hún hafi til 26. febrúar til að ljúka fasteignakaupunum en þá renni tilboð hennar út. Einnig kom fram að hún hafi leitað að fasteign í Mosfellsdal í mörg ár og fleiri séu að bjóða í eignina og því skipti miklu fyrir hana að fá skýr svör. Annar póstur er síðan sendur 21. febrúar þar sem ítrekað er að um staðfestingu á því að skipulagið hamli ekki flutningi sé óskað og áréttað er að starfsemin fari ekki fram að Egilsmóum 12 eða 10.

Tekið er fram að fasteignasalan Fastland var einnig í samskiptum við Mosfellsbæ, Önnu Margréti Tómasdóttur, verkefnastjóra umhverfissviðs og fékk sendan texta úr skipulagi Mosfellsdals þar sem aðalskipulagi er lýst og af þeim texta var ráðið að engar takmarkanir færu á flutningi umbjóðanda míns í dalinn, sjá Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030, 18. júní 2013.

"MOSFELLSDALUR. Í Mosfellsdal sunnan Þingvallavegar er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, íbúðar- og landbúnaðarsvæði. Lóðir verði tiltölullega stórar og er miðað við að

Þéttleiki bygðarinnar verði um 1 íb/ha. Svæðið er alls um 174 ha og er miða við að þar megi byggja um 100 íbúðir til viðbótar þeim sem fyrir eru.

Á svæðinu er heimil hverskonar landbúnaðarstarfsemi og frístundabúskapur, sem ekki krefst mikillar fjarlægðar frá mannabústöðum vegna lykta eða annarrar mengunar. Einnig má heimila þar rekstur sem tengist landbúnaðarstarfsemi, s.s. þjónustu við ferðamenn, sölumarkaði veitinga- og greiðasölu í smáum stíl, enda sé sú starfsemi þess eðlis að hún valdi ekki ónæði fyrir nágretta eða mengun”.

Umbjóðandi minn, sendi tölvupóst til viðkomandi starfsmanns, eftir að hafa fengið sendan textann úr aðalskipulaginu og óskaði eftir því, ef hægt væri, að fá formlegt bréf frá skipulagsyfirvöldum þar sem fram kæmi að hundahald hennar mætti vera að Egilsmóum 12.

Þann 24. Febrúar 2020, barst svar frá Önnu Margréti verkefnastjóra umhverfissviðs Mosfellsbæjar þar sem fram kom að ekki væri hægt að gefa út frekari formlega yfirlýsingu eins og óskað var, en vísað var í texta aðalskipulagsins og þar sem segi að á svæðinu sé heimiluð landbúnaðarstarfsemi og frístundabúskapur sem ekki krefst mikillar fjarlægðar frá mannabústöðum. Einnig sé heimilt að hafa rekstur á svæðinu sem tengist landbúnaðarstarfsemi, svo sem þjónusta við ferðamenn, sölumarkaði, veitinga og greiðasölu í smáum stíl, enda sé sú starfsemi þess eðliss að hún valdi ekki ónæði fyrir nágretta eða mengun.

Ofangreindar upplýsingar voru þær upplýsingar sem notast var við þegar fasteignakaupin voru síðan kláruð og fjármögnuð.

SIÓNARMÍÐ HUNDASLEÐA ÍSLANDS EHF.

Umbjóðandi minn vill koma að eftirfarandi sjónarmiðum vegna umsóknar um nýtt starfsleyfi fyrir hundageymslu að Egilsmúum 12 í Mosfellsdal í Mosfellsbæ., skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.

1. Í upphafi er rétt að geta þess að þær upplýsingar sem umbjóðandi minn aflaði sér áður en hún festi kaup á umræddu landi voru á þá leið að hún þyrfti ekki að sækja um sérstakt leyfi til að flytja með hunda sína að Egilsmóa 12. Umsókn hennar um leyfi skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 byggir síðan á því að síðar er henni sagt og leiðbeint um að sækja um umrætt leyfi skv. ofangreindum réttarheimildum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þó um allmarga hunda sé að ræða þá er ekki rekin atvinnustarfsemi í Egilsmóum. Þangað koma ekki viðskiptavinir. Umbjóðandi lítur á hunda sína sem heimilisdýr samhliða sem vinnuhunda og byggist hundahaldið að Egilsmóum á ofangreindu. Ekki er rekin þar hundageymsla fyrir þriðja aðila eða aðra en umbjóðanda minn. Því er hún einfaldlega að koma upp aðstöðu fyrir hundana sína. Hins vegar er rét að horfa til ákvæða 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 í þessu sambandi þar sem kveðið er á um að allur atvinnurekstur, sbr. I., VII., IX og X viðauka skuli hafa gilt starfsleyfi. Hins vegar er rétt að benda á að umbjóðandi minn lítur á starfsemi sína sem landbúnað, sbr. 2. gr. laga nr 81/2004 þar sem landbúnaður er skilgreindur á eftirfarandi hátt „Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi“. Egilsmói 10 og 12 er í skipulagi skilgreindur á blönduðu landi þar sem landbúnaður er stundaður í smáum stíl. Ekki er þó farið

lengra með þessi sjónarmið í bili, en spurt er hvort önnur landbúnaðarstarfsemi í Mosfellsdal sé bundin leyfum.

2. Eftir að hafa skoðað það skipulag sem í gildi er á umræddu svæði er ljóst að starfsemi umbjóðanda míns fellur vel að skipulagi svæðisins og er nánast klæðskerasniðin inn í það skipulag sem í gildi er um atvinnustarfsemi í smáum, stíl, þjónustu við ferðamenn ofl., auk þess að vera landbúnaður í smáum stíl.
3. Umbjóðandi minn hefur farið yfir þær athugasemdir sem borist hafa vegna starfseminnar og vill benda á eftirfarandi í því sambandi.
 - a. Umbjóðandi minn er nýfluttur á svæðið og kom þann 1. júní. Eins og kunnugt er voru framkvæmdir við aðstöðu fyrir hundana stöðvaðar af umbjóðanda mínum eftir ábendingu frá yfirvöldum. Það tekur smá tíma fyrir hundana að venjast nýjum aðstæðum og auknu áreiti. Verið er að koma upp nýrri „rútinu“ fyrir hundana og það tekur þá nokkrar vikur að venjast henni ásamt breyttum aðstæðum. Miðað við fyrri reynslu umbjóðanda míns er núverandi ástand alls ekki dæmigert ástand og mun meira um gelt en áður hefur verið og á sér ávallt skýringar í umhverfinu og þeim breytingum sem eiga sér stað.

- b. **Um hávaða frá hundunum.** Umbjóðandi minn bendir á að mestan hávaða frá hundunum megi rekja til þess þegar þeir eru settir á bíl til flutnings. Núna er verið að kenna hundunum að fara á sinn stað í bílnum sem þeir séu að læra, en þetta ferli allt tekur um 9 mínútur og á se'r ávallt stað um miðan daginn. Þessi tími mun minnka mikið á næstu vikum, eftir því sem hundarnir læra þetta ferli. Í fyrsta skipti sem þetta var gert hlutu hundarnir um afgangi svæðið og það tók langan tíma að koma þeim á bílinn. Þetta mun breytast hratt. Umbjóðandi minn hefur mikla þekkingu á hundum sínum og þjálfun þeirra og mun því kenna þeim ákveðnar reglur hvað þetta varðar.

Umbjóðandi minn hefur hlustað á allar upptökur sem sendar hafa verið frá nágrönnum. Frá þeim upptökum hefur hún kennt eftirfarandi fjögur atvik. Hljóð sem rekja má til þessa i) Verið er að gefa hundunum (á sér stað einu sinni á dag um hádegi eða fyrir kl. 18:00 tekur um 2-3 mínútur), ii) Verið er að flytja hundana (á sér stað um þrisvar í viku og alltaf eftir klukkan 08:00 að morgni. Hundar koma svo til baka um hádegið og þá er þeim gefið), iii) Hljóð frá hvolpum nálægt Brávöllum (þessi hávaði stafar af mistökum af hálfu umbjóðanda míns og er hægt að koma alveg í veg fyrir. Umbjóðandi minn taldi að ekki heyrðist frá hvolpunum. Hvolparnir verða færðir eftir 2-3 vikur þegar þeir eru aðeins stærri en búið er að gera ráðstafanir til að minnka mjög verulega líkur á því að eitthvað heyrir frá þeim.

Allur annar hávaði um daginn kemur frá einum til tveimur hundum, oftast strax eftir gjöf þar sem umbjóðandi minn sér að talsverð spenna er í búrum. Frá heimili sínu heyrir hún varla þessi hljóð, nema alveg sé kyrrt og gluggi opinn.

Upptakan sem gerð var þann 15. júní. Umbjóðandi minn vill benda á að þennan tiltekna dag var hann hún í fyrsta sinn að fá fóðursendingu til hundanna og var að skera niður og taka til mat fyrir næsta mánuð. Í þetta skipti var ekki komin upp aðstaða til að gera þetta innandyra vegna flutninga og þar sem aðstaðan var ekki komin upp. Gelt og hávaði varði þá í tvo tíma af og til. Slíkt tilvik mun ekki endurtaka sig og var

einangrað tilvik sem orsakaðist af aðstöðuleysi vegna flutninga. Umbjóðandi minn skilur pirring vegna þess og er ekki eitthvað sem ætti að endurtaka sig.

Umbjóðandi minn tekur fram að með hverri viku sem líður er minna og minna um gelt eða hávaða frá hundunum og smátt og smátt aðlagast hundarnir nýjum aðstæðum.

Einn þáttur í því að hundarnir hafa gelt meira en venjulega er skortur á hreyfingu. Vegna COVID-19 og flutninga var ekki verið að hreyfa þá eins mikið og þeir voru vanir. Þann 9. júní var fyrsti dagurinn sem þeir fengu reglubundna hreyfingu eins og þeir voru vanir. Nú er farið með þá í hreyfingu þrisvar sinnum í viku. Það er hins vegar ekki nærri eins mikil hreyfing og þeir eru vanir og eftir því sem þeir fá meiri hreyfingu þá líður þeim betur og eru rólegri. Allt ofangreint hefur valdið meira gelti en vant er.

Koma hundanna í hverfið hefur þótt spennandi og hefur verið mikið um að fólk komi og skoði hundana, taki myndir af þeim eða stoppi og hreinlega trufla þá. Spangóli að þeim eða sé með lausa hunda sem hlaupa í átt að hundunum. Mikið bar á þessu fyrst, en núna fer þetta minnkandi. Þetta hefur líka valdið meira gelti en vant er. Í framtíðinni er fyrirhugað að planta trjám þannig að hundabúrin sjáist ekki frá veginum og því verður ekki um slíka truflun að ræða.

Umbjóðandi minn hefur rætt við nágranna sinn að Dalsá sem hefur sagt við hana að hún hafi tekið eftir því að hávaði frá hundunum hafi farið mjög minnkandi, sem gleður umbjóðanda minn.

Varðandi gelt frá hundum umbjóðanda míns og mælingar á þeim. Vill umbjóðandi minn benda á að á næstu lóð er hundaræktun og heyrir hún oft gelt þaðan. Það gæti verið að gelt sem heyrast á upptökum séu frá nágrönnum umbjóðanda míns. Er ljóst að svo er ekki fyrst umbjóðandi minn heyrir reglulega þau gelt.

Framtíðarplön og hugsanleg hávaðamengun: Í nánustu framtíð telur umbjóðandi minn að alls engin hávaði muni berast frá hundunum á tímabilinu frá 19:00 til 08:00 að morgni, sem er sá tími sem mestur hávaði berst frá hundunum núna, flutningur og matargjöf, þar sem sótt hefur verið um leyfi til byggingar á lokuðu húsi þar sem hundarnir verða á næturnar og verður gefið þar og þeir fermdir á bíla, allt innanhúss. Umbjóðandi minn á húsið til og það tekur stuttan tíma að koma því upp um leið og skipulag byggingarreits hefur verið samþykkt. Þegar húsið er komið upp þá telur umbjóðandi minn að hávaði frá hundunum verði afar lítill. Ekki meiri en gera mætti ráð fyrir á stað sem þessum og einungis einstaka gelt á daginn eða slíkt. Hefur hún ríka hagsmuni af því að allt gangi vel á staðnum. Bendir hún á að hún sjálf heyri oft gelt frá hundum í nágrenninu og geri engar athugasemdir við það. Slíkt er eðlilegt á svæðinu.

Þar til framtíðaraðstaðan er komin upp mun umbjóðandi minn gera allar þær ráðstafanir sem þarf til að minnka að hundagelt eða spangól berist frá hundunum. Notast hefur verið við múla á trýni þeirra hunda sem líklegir eru til að gelta eða ýlfra á nætur. Þetta hefur virkað. Undanfarnar tvær vikur hefur aðeins komið fyrir eitt tilvik þar sem hundur ýlfraði um nótt. Einnig hafa komið nokkur gelt um 06:30 þegar vart var við ferðir hjá nágrönnum.

- c. **Aðstaðan í dag:** Hin tímabundnu hundabyrgi sem nú standa og hafa ekki verið að fullu sett upp, áttu að vera fyrir 56 hunda, sem gerði það að verkum að rými var fyrir alla hunda í eins hunds búi, stundum tveggja að hámarki. Þar sem umbjóðandi minn

stöðvaði uppsetningu búranna eftir athugasemdir eru núna einungis 38 búr uppsett. Þetta aðstöðuleysi á líka stóran þátt í því að eitthvað heyrst frá hundunum. Þeir rífast um matinn, einhver hundur er ráðríkari en annar og þeir gelta vegna þessa. Hægt er að koma í veg fyrir þessi tilvik með því að fjölga búrunum og klára uppsetninguna. Umbjóandi minn bendir því mjög sterklega á og áréttar að núverandi upptökur og hávaði sem berst frá hundunum er á engan hátt dæmigerður um það hvernig hefðbundið ástand er. Mælingar núna eru á engan hátt marktækur mælikvarði á starfseminu í framtíðinni. Mælingarnar núna mæla aðstæður og hávaða á mjög ómarktækan hátt, þegar hundar eru á nýjum stað, framkvæmdir í gangi í kringum hundana, búrin þeirra eru of fá, forvitið fólk kemur og stoppar hjá hundunum eða áreitir þá. Því er ekki hægt að byggja á núverandi gögnum sem umbjóandi minn telur sýna mynd sem hún telur ekki venjulegt ástand heldur mjög tímabundið og orsakast af þáttum sem áður hafa verið raktir.

Umbjóandi minn telur að mjög litill hávaði muni berast frá hundum hennar í framtíðinni. Telur undirritaður lögmaður að horfa verði til starfeminnar eins og hún muni verða í framtíðinni þegar tekin er ákvörðun en ekki til þeirra bráðabirgðastöðu sem nú ríkir, sem umbjóandi minn vill endilega bæta úr og er ekki á neinn hátt marktæk fyrir fyrirhugaða starfsemi.

- d. **Ótti við hundana:** Hvað varðar ótta nágranna við hundana þá telur umbjóandi minn hann alfarið ástæðulausan og ætti ekki að tengjast hennar hundum á nokkurn hátt. Telur undirritaður lögmaður að sjónarmið um ótta við hundana séu ómálefnaleg og ekki sé hægt að byggja á þeim þegar komist er að niðurstöðu í málinu. Í upphafi er rétt að geta þess að allir hundar umbjóanda míns eru heimilir hér á landi, sbr. f-lið 14. gr. reglugerðar um innflutning hunda og katta nr. 200/2020. Hins vegar er hægt að skilja að sumt fólk er hrætt við hunda, sumir við kongulær aðrir við hesta o.s.frv. Umbjóandi minn á önnur húsdýr, hestar eru á bænum, aðrir heimilishundar, köttur, hænur og svo búa þarna þrjú börn. Hundarnir eru mjög vanir að hitta ókunnugt fólk af öllum aldri og öllum gerðum, enda gengur starfsemi umbjóanda míns út á samskipti við ferðamenn. Hundarnir hitta allt að 50 manns á dag þegar starfsemi er í gangi. Umbjóandi minn getur lagt fram óteljandi vitnisburði um vinaleg samskipti hundanna við viðskiptamenn sína sé þess óskað. Umbjóandi minn vill einnig taka fram að allir eru velkomnir í heimsókn til hennar ef þess er óskað.

Hundarnir eru ýmist lokaðir af í búrum sínum eða þeim er leyft að hlaupa lausum en þá innan girðingar og þá hafa ekki önnur dýr aðgang að þeim, nema ef umbjóandi minn heimilar það. Af fyrri tilvikum þar sem þeim var hleypt útfyrir girðingu, þar sem aðstæður leyfðu það að Hólmaseli, þá héldu þeir sig bara við heimili sitt eða fóru í heimsókn til nágranna sem ekki amaðist við þeim. Umbjóandi minn hefur tekið á móti leikskólaheimsóknum til sín og leyft þeim að kynnst hundunum og boðið þeim í sleðaferðir. Umbjóandi minn vildi gjarnarn bjóða Reykjadal slíka kynningu eða ferð ef um það væri að ræða. Teldi hann að með því væri hægt að láta öllum líða vel með komu hundanna í hverfið. Börn umbjóanda míns koma reglulega með vini í heimsókn til að hitta hundana, engu máli skiptir þó þau hundarnir séu ekki vanir þeim börnum, því þeir hitta mikinn fjölda af fólki þegar þeir eru í „vinnunni“. Fyrri leigusali umbjóanda míns Karl Áki Sigurðsson gsm 869-1181 getur veitt allar upplýsingar um hvernig samskiptum við umbjóanda minn var háttað sé leitað eftir því.

- e. **Fellsendamálið:** Í umsögn sem barst vegna starfsleyfisumsóknar var vikið að því að leyfisveitandi ætti að kanna af hverju Bláskógabyggð hefði hafnað ósk umsækjanda míns um starfsemi á landi hennar að Fellsenda. Til að upplýsa þá sótti umbjóðandi minn um leyfi til að stofna lögbýli að Fellsenda á landi sem hún á og notar undir starfsemi sína. Bláskógabyggð hafnaði umsókn um stofnun lögbýli á landinu, að mati undirritaðs á ólöglegan hátt, byggt á ómálefnalegum sjónarmiðum, málið er nú til meðferðar hjá Umboðsmanni Alþingis sem sent hefur Bláskógabyggð fjölmargar spurningar, byggðar á sjónarmiðum umbjóðanda míns. En málið varðaði hins vegar stofnun lögbýlis.
- f. **Samantekt:** Aðgerðum til að minnka hávaða er lýst hér að ofan en samandregið er hægt að nefna þetta. Til skammst tíma getur umbjóðandi minn séð fyrir sér eftirfarandi aðgerðir sem gætu enn bætt hljóðvist á svæðinu, sem þegar hefur batnað mikið frá því hljóðmælingar fóru fram. Bendir umbjóðandi minn reyndar á að hann heyrir sjálfur gelt frá hundum nággranna síns yfir daginn, alloft og ekki mikið færri en frá hans hundum ef frá eru taldir álagstímar vegna gjafa og flutnings, en hefur þó engar athugasemdir við þessi hljóð, enda eðlileg á þessum stað.
- i. Klára þarf að koma upp bráðabirgðabúrum þannig að allir hundar fái sitt rými og komið er í veg fyrir að 2-3 hundar þurfi að vera saman. Mun draga enn meira úr gelti. Umbjóðandi minn hyggst vara í samstarfi við skipulagsfulltrúa um það hvort þurfi að færa búrin utan við 20 metra verndarsvæðis Suðurár.
 - ii. Setja upp skilti við veg þar sem vegfarendur eru beðnir um að trufla ekki hundana með því að skapa hávaða eða taka lausa hunda til sín meðan farið er fram hjá bráðabirgðabúrunum.
 - iii. Setja múla áfram á einstaka hunda sem skapa hávaða um nótt.
 - iv. Hugsanlega koma upp þiljum milli búra þannig að hundarnir sjái ekki hvorn annan.
 - v. Klára sem fyrst allar framkvæmdir sem valda óróa
 - vi. Venja hunda sem fyrst við nýja „rútinu“ við flutning.
 - vii. Halda áfram að vakta hunda vel og bregðast við öllum hávaða strax, eins og gert hefur verið.

Til lengri tíma (*ath þó að áform umsækjanda eru þau að reisa mannvirkið um leið og leyfi fæst enda gerir skipulag svæðisins ráð fyrir slíkum útihúsum innan byggingarreits) er mikilvægast að fá byggingarreit staðfestan svo hægt sé að reisa inniaðstöðu sem mun að mestu koma í veg fyrir að hljóð berist frá hundunum frá því síðdegis til 08:00 að morgni, bæði við gjöf og flutning, sem er sá tími sem mest heyrir frá hundunum. Þetta atriði er lyklatriði í öllu varðandi hundahaldið. Hins vegar ætti ástandið með fjölgun búra að vera í góðu lagi þangað til og vel innan þess sem hefðbundin sjónarmið grenndarréttar og reglugerða sem og skipulag svæðisins mæla fyrir um.

NIÐRLAG OG TÚLKUN LAGA OG SKIPULAGSSKILMÁLA

Í minnisblaði skipulagsfulltrúans Kristins Pálssonar frá 19. maí 2020 koma fram helstu niðurstöður hans varðandi framkvæmdir á svæðinu sem þá voru í gangi. Er minnisblaðið sent með til upplýsingar fyrir

eftirlitið. Helstu niðurstöður hans, sem undirritað lögmaður er sammála eru þessar. 1. Uppsetning bóra á landareign umbjóðanda míns eins og hún er í dag til bráðabirgða er ekki leyfisskyld. 2. Búrin hafa ekki skaðleg áhrif á vatnasvæði Suðurár og engin varanleg áhrif á landssvæðið. 3. Fordæmi eru fyrir því að slík mannvirki séu reist án nokkurra athugasemda sveitarfélagsins. 4. Ekki var talin þörf á því af hálfu skipulagsfulltrúa að stöðva uppsetningu á hundabúrunum, eða meta það sem meiriháttar framkvæmd, enda framkvæmdin öll hugsuð sem afturkræf framkvæmd.


Ennfremur er bent á það álitaefni hvort önnur landbúnaðarstarfsemi í dalnum í smáum stíl sé háð leyfisbindingu. Í því sambandi er vakin athygli á jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Fyrst og fremst vill umbjóðandi minn hins vegar vinna með yfirvöldum og nágrönnum sínum til að tryggja að allir séu sáttir við veru hennar í dalnum, enda er það mat hennar að starfsemin ætti að falla mjög vel að því skipulagi sem þar er.

Sé óskað frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við undirritaðann lögmann í atli@landlogmenn.is og er þess óskað að samskipti fari í gegnum undirritaðann. Er það okkar vona að málið hljóti farsælan endi á þessu stjórnarsýslustigi.

Kópavogur 02.07.2020

Virðingarfyllst



Atli Már Ingólfsson, lögmaður.

Meðfylgjandi:

1. Erindi á ensku frá umsækjanda ásamt myndum.
2. Minnisblað Kristins Pálssonar, skipulagsfulltrúa.